

Stiklað á sögu bæjar og mannlífs í Hvolsvelli í tilefni af 80 ára afmæli þéttbýlis 2. september 2013

Hvolsvöllur hóf að byggjast upp fyrir 80 árum. Það er nokkurn vegin meðal mannsaldur eins og við lifum í dag og fyrir áttatíu árum var hér einungis dreifbýli þar sem brýnustu nauðsynjar varð að sækja um langa og erfiða leið ef ekki var hægt að búa þær til heima. Í dreifbýlinu hafa samt á öllum tímum verið afbragðs hagleiksmenn sem gátu smíðað ýmsar nauðsynjar, verkfæri, reiðtygi, báta og annað sem til þurfti í lífsbaráttunni. Flest þorp á Íslandi eru við sjó þar sem björgin byggist á miðunum fyrir utan og aðrættir á nauðsynjum koma líka á sjó til íbúanna. Hér var þessu öðruvísi farið því sjóleiðin var mjög torsótt þó hún væri líka farin. Hér voru það landkostirnir sem vógu þyngst enda hvergi betri á landinu.

En hvernig bar það til að í þessu dreifbýlissamfélagi varð loks til þéttbýli? Um fortíðina vitum við að Ketill hængur nam hér land og bjó að Hofi við Eystri Rangá. Ennfremur vitum við að Stórólfur sonur hans stofnaði nýbýli á Hvoli sem óvíst er að hafi hlotið nafnið Stórólfshvoll fyrir en eftir hans daga eða eftir að byggðist á Efra-Hvoli og þá til aðgreiningar frá þeim bæ. En miklu síðar, meira en þúsund árum síðar, byggðist Hvolsvöllur í landi Stórólfshvols .

Áður en Hvolsvöllur byggðist var komin verslun við ströndina, Kaupfélag Hallgeirseyjar sem flutti inn vörur sem var oftast skipað upp í Vestmannaeyjum og þegar „leiði“ gafst voru þær fluttar á mótorbátum þaðan upp í sandfjöruna við Hallgeirsey. Þá sömdu menn um afhendingu „í sandi“ Svo urðu miklar breytingar á samgöngum og í dag búum við svo vel að eiga í handriti mjög góðar heimildir um þessar breytingar þar sem segir frá upphafi byggðar í Hvolsvelli. Handritið var tekið saman af Pálma Eyjólfssyni fyrir tuttugu árum þegar Hvolsvöllur átti líka merkisafmæli og heitir „Saga Hvolhrepps í 60 ár“. Heimildir Pálma notum við mikið hér við að rifja upp sögu byggðarinnar 20 árum síðar. Pálmi bjó í Hvolsvelli á fyrstu árum breytinganna og var talsvert forvitinn meira að segja að eigin sögn og hafði áhuga á öllu sem gerðist, gott skáld og sögumaður.

Á þeim tíma sem uppbygging í Stórólfsvelli hófst fer sögumaðurinn Pálmi með okkur í ferð sem hefst við Eystri Rangá austur um gamla Hvolhrepp árið 1930. Árið áður var fyrst lagður vegurinn sem nú liggur að Hvolsvelli við hliðina á gömlum reiðgötum en 1914 var brúað við Djúpadal þar sem SS var með sláturaðstöðu. Þau hús standa enn. Sögumaðurinn leiðir okkur heim á hvern bæ, stóran og smáann, lýsir aðstæðum og gerir grein fyrir fólkinu og hlutverkum þess. Við skulum hér aðeins skoða lýsingu frá höfuðbólínu Stórólfshvoli því á þeirri jörð átti Hvolsvöllur brátt eftir að rísa og þar réðust oft örlög fólksins.

Á Hvoli var húsaröð undir Bjallanum. Íbúðarhúsið var reisulegt með brotnu þaki. Sýslusjóður lét reisa þar sjúkraskýli 1917, sem var kallað Spítalinn, á bak við læknisbústaðinn og þar á milli voru steypt göng. Í spítalanum voru tvær sjúkrastofur, skurðstofa, apótek, herbergi fyrir hjúkrunarstúlkur, vatnssalerni, þvotta- og líkhús. Héraðslæknirinn hét Helgi Jónasson sem var

vel að manni en hann þurfti ennþá að fara ríðandi í vitjanir á traustum vatnahestum, oft um langan veg. Þá voru ár víða óbrúaðar en við nefnum hér Þverá og Markarfljót. Engjar frá búinu voru á Þverárbökkum og ef læknisins var óskað þá var hvítu laki komið fyrir á Bjallanum. Sjúkt fólk þurfti líka að vaða árnar í öllum veðrum á leið til læknisins. Vandamál heilsugæslunnar voru sennilega önnur en nú en þó segja margir ennþá að þeir fari “upp að Hvoli“ ef þeir fara að hitta lækninn.

Árin næst á undan heimskreppunni miklu sem kennd er við 1930 voru uppgangsár á Íslandi. Árin eftir hrunið milli 1930 og 1940 voru aftur mjög erfið eða fram að Heimsstyrjöldinni og það er á þessum tíma sem þéttbýli eykst í áföngum í Hvolsvelli. Kaupfélag Hallgeirseyjar átti í rekstrarerfiðleikum. Samgöngur og vöruflutningar voru mjög að breytast og færast yfir á landið enda ströndin hafnlaus og ákaflega erfið fyrir uppskipun. Þegar á land var komið voru Landeyjarnar blautar og erfiðar yfirferðar áður en framræsla mýranna fór fram og skurðgröfur ekki almennt komnar til. Helstu ár á leiðinni að sunnan voru nú brúaðar allt að Þverá og Markarfljóti. Það er við þessar aðstæður sem tekin er ákvörðun að setja upp útibú frá Kaupfélagi Hallgeirseyjar í Hvolsvelli. Verslunarhúsið stendur ennþá og heitir nú Gamlabúðin. Fyrsta íbúðarhúsið Arnarhvoll er svo byggt árið eftir 1932 en þar bjó fyrsti kaupfélagsstjórinn Ágúst Einarsson og fjölskylda hans. Næsta íbúðarhús var Litli Hvoll, byggt vestar með Hvolsveginum. Í því húsi bjó vörubílstjóri kaupfélagsins. Það hús var síðar flutt í Þórsmörk þar sem það seinna brann til grunna. Hvolsvegurinn var fyrsta íbúðagatan og um leið vegurinn heim að Hvoli og þaðan inn í Fljótshlíð. Eftir að þessi hús voru byggð kom nokkuð hlé á íbúðabyggingar þar til Ingólfs-Hvoll var byggður 1937 af Ísleifi Einarssyni

Með brú á Þverá sem hafði miklar samgöngubætur í för með sér voru hlutirnir nú að falla með uppbyggingunni í Hvolsvelli og þann 2. september 1933 telst formlega hafin byggð í Hvolsvelli. Þann dag voru allir sýslunefndarmenn í héraðinu boðaðir til fundar í stofunni hjá Björgvini sýslumanni á Efra-Hvoli þar sem fyrsta byggingarnefnd Stórolfshvolsjarða var stofnuð. Þó hét bærinn okkar ekki ennþá Hvolsvöllur.

Á fyrsta fundi bygginganefndar var strax tekin ákvörðun um vatnsveitu fyrir byggðina úr Króktúnslind. Mjög áriðandi er að byggðarkjarni búi við öruggar neysluvatnsbirgðir og hefur sú þörf líklega verið orðin augljós þar sem að ekkert rennandi vatn var í gömlu kaupfélagsbúðinni fram að þessu. Oft var vatnið sparað með því að skrúfa fyrir veituna yfir nóttina. Það var loks fundin góð lausn á mikilli og vaxandi vatnsþörf þéttbýlisins í aðdraganda þess að Sláturfélagið hóf hér kjötvinnslu 1991 og mjög gott vatn var sótt í sverum lögnum frá Krappa handan Fiskár.

Norðan við Gömlubúðina var fljótlega byggt pakkhús sem átti eftir að þjóna mörgum hlutverkum m.a. fyrir kjötsölu, saumastofur fyrir ull og mökkaskinn, tónlistaskóla, fyrsta Sögusetrið, félagsmiðstöð og nú leikskóli í dag. Árið 1939 var í húsinu sett upp dieselvél til að framleiða rafmagn fyrir þau fáu hús sem komin voru og til að reka frystigeymslur. Kveikt var á ljósavélinni klukkan átta á morgnanna en slökkt klukkan ellefu á kvöldin. Húsið brann á

útmánuðum 1944 og var frystigeymslan full af kjöti. Hér var um stórbruna að ræða sem var fjallað um í blöðum og minnstu munaði að Gamlabúðin brynni líka. Húsið var nú byggt upp aftur og var reynt að nota vindmyllur til að framleiða rafmagn allt til haustsins 1948 er rafmagn barst loks frá Soginu. Dieselvélín sem brann var talinn úr þýskum kafbáti og kom frá Akranesi. Vélin var bilanagjörn og erfið í rekstri. Þessar bæjarminjar munu hafa verið urðaðar við brunarústirnar.

Björn Fr. Björnsson sýslumaður var nú næstur og byggði fjórða íbúðarhúsið 1938 sem enn stendur við Hlíðarveginn og flutti embætti sýslumannsins þangað frá Gunnarsholti. Við húsið hafði sýslumaður landskika sem ætlaður var ígildi tveggja kúa beit. Mjólk fékkst ekki ennþá í búðinni og nokkuð algengt var að menn hefðu eina eða tvær kýr sem gátu ráfað út um víðan völl á daginn. Þá mátti stundum sjá Ísleif Sveinsson kominn upp á húspak við Hvolsveginn með kíkinn að skima eftir kúnum áður en lagt var út á völlinn að sækja þær heim.

Árið 1932 var vígð fyrsta brúin á Þverá en sú brú efldi mjög landflutninga um sveitina og opnaði á mjólkursölu bænda í Landeyjum til Selfoss. Ekki leið á löngu að brú kæmi á Markarfljót en hún var vígð 1. júlí 1934. Vígslan var talin ein stærsta útisamkoma á Íslandi til þess tíma. Við þá athöfn vitnaði ráðherra í 50 ára gamla sögu um Tryggva Gunnarsson er hann var staddur í Noregi og sá þar maur á jörðinni taka strá og brúa jarðrauf til að komast áfram leiðar sinnar. Hermt var eftir Tryggva að þar hefði fyrsta brúin á Íslandi orðið til enda var þessi landspekkti maður ásamt öðru mikill áhugamaður um að brúa vatnsföll á landinu. Til þess að byggja þessar brýr og veginn á milli þeirra svo og varnargarðinn frá Dímon að Markarfljótsbrúnni fór fram söfnun á fé í hérað, í Reykjavík og víðar sem Rangæingar lánuðu ríkissjóði til að standa undir framkvæmdum.

Í dag hugsum við ekki oft þegar við rennum yfir tvíbreiðar brýr til þeirrar áhættu og erfiðis sem fólk setti sig í sem afréð að ferðast um landið og þurfti að hætta sér beinlínis út í fljótin til að komast áfram. Með brúm á vatnsföll kom leið inn á nýtt svæði til að flytja mjólk á litlum vörubílum til neytenda og nú var kominn tími goðsagnakenndra mjólkurbílstjóra sem komu vörunum austur í kaupfélagsverslunina og til bændanna heim á hlað. Nú voru Landeyjar og Eyjafjöll komin í þjóðvegasamband. Vegir voru þó aðeins nánast traðir í landinu.

Seinni Heimstyrjöldin kom til Íslands 10. maí 1940 þegar Bretar hernámu landið. Nú fengu fljótlega allir vinnu sem vildu og meira að segja líka þeir sem ekki þóttu atkvæðamiklir heimafyrir komust í Bretavinnuna. Efnahagurinn fór því mikið batnandi og framkvæmdaviljinn. Svo er það árið 1942 sem símstöðin er byggð og þá loks var farið að nota Hvolsvallarnafnið en staðurinn hafði til þessa verið þekktur sem KHS eða Kaupfélag Hallgeirseyjar Stórolfshvoli. Árið 1957 kom svo nýja verslunin við Þjóðveginn sem var á þeim tíma ein glæsilegast kjörbúð landsins og þar, ári síðar, var loks seld mjólk í kaupfélaginu eftir að undirskriftaskjal hafði farið milli húsráðenda. Það heyrðist lengi sagt í léttum tón að ef varan fékkst ekki í kaupfélaginu þá

var hún ekki til í landinu og þá þyrftu menn ekki heldur á henni að halda. Svo er líka sagt að öllu gríni fylgi nokkur alvara.

Sama ár og útibú Kaupfélags Hallgeirseyjar var stofnað 1930 á Stórólshvoli er á Rauðalæk stofnað Kaupfélag Rangæinga. Þessi félag sameinast síðan 1948 í eitt kaupfélag undir nafni Kaupfélags Rangæinga. Kaupfélagreksturinn var frá upphafi sú starfsemi sem Hvolsvöllur byggðist á og með mörgum hætti lifði samvinnuhugsjónin þar góðu lífi líka meðal íbúanna í því sem þeir tóku sér fyrir hendur. Kaupfélagið var á tímabili nánast allt í öllu og stóð fyrir mikilli uppbyggingu atvinnulífs með fjölbreyttri atvinnustarfsemi. Upp úr 1970 stóð kaupfélagið fyrir byggingu fjölda íbúðahúsa í þorpinu. Vöxtur bæjarins var á þeim tíma mjög hraður og virkjanir á hálendinu áttu einnig sinn þátt í því. Með Vestmannaeyjagösinu í ársbyrjun 1973 fluttist enn fleira fólk til Hvolsvallar og reist voru nokkur hús sem norðurlandabúar sendu til Íslands í hjálparstarfið.

Innganga í Evrópska efnahagssvæðið í janúar 1993 gerði framleiðsluþæðnað á Íslandi erfiðan og var honum víða hætt vegna samkeppni við innflutning eins og gerðist hér með t.d. húsgagnaframleiðslu kaupfélagsins en ullariðnaðurinn lifði þó af að hluta og verkþekkingin hélst við og lifir enn til að dafna á ný. Atvinnuleysi óx á þessum tíma og sveitarfélagið reyndi nú að efla atvinnustarfsemi með því að beina athyglinni að ferðaþjónustu sem vonarneista framtíðarinnar. Stefnan var tekin á að nýta menningu okkar og sögu á Njáluslóð ásamt öllu því sem umhverfi okkar hefur upp á að bjóða til að laða að ferðamenn. Á tímabili komu áhugamenn reglulega saman á laugardagsmorgnum í Hvolnum til að ráða ráðum sínum. Stofnun Sælubúsins ehf og Sögusetursins var afrakstur þessa starfs sem sveitarfélagið lagði fram í samstarfi með stórum hóp af íbúum og aðkomufólki til að efla atvinnugreinina með betra skipulagi og aukinni afþreyingu. Það varð tillaga þeirra sem að þróun ferðaþjónustu unnu hér að í hverri byggð væri hægt að nýta áhugaverðar sögu og staðhætti til að vekja áhuga ferðamanna á að koma í heimsókn. Margt af þessu og öðru sem lagt var til þá, svo sem sameiginlegri markaðssetningu og sölu á þjónustu, hefur síðar orðið mjög víða og verið farsælt. Við náðum samt ekki að festa þessar aðferðir í sessi því enn var tími slíkra breytinga ekki kominn þó hann væri handan við hornið. Enn vildu flestir gera allt sjálfir og treystu ekki öðrum. Fjárfesting í ferðaþjónustu var ennfremur ekki skollin á en áhuginn var að glæðast og hefur vaxið mikið síðar um allt land. Við í þessari sveit tókum sannanlega þátt í að kveikja þann neista sem nú hefur farið sem logi um landið. Við nýttum nýjar hugmyndir og gamlar því hér höfðu lengi verið einstaklingar sem höfðu trú á ferðaþjónustu og reyndu sitt til að láta ferðaþjónustu dafna.

Horfum betur til upprunans. Stórólshvoll hefur gegn um tíðina verið örlagaríkur staður fyrir fólkið og byggðina í austurhluta sýslunnar. Þann 16. október 1919 var boðað til fundar á Stórólshvoli þar sem séra Jakob Ó Lárusson sóknarprestur í Holti flutti erindi um samvinnustefnuna, þróun og vöxt hennar erlendis og hér á landi. Hann var áður prestur í Vesturheimi og nú hvatti hann menn til að bindast slíkum samtökum um verslunarmálin í

sýslunni og taldi það verða gæfuspor fyrir héraðið. Kaupfélag Hallgeirseyjar var svo formlega stofnað í Miðey í Austur-Landeyjum 20. nóvember 1919 þar sem Guðbrandur Magnússon var ráðinn fyrsti kaupfélagsstjórinn. Fjallabændur höfðu fyrr á sama ári stofnað Kaupfélag Eyfellinga sem gaf góða raun og varð það hvatning til frekara samstarfs í verslunarmálum. Þessi undanfari átti svo eftir að leggja grunninn að því að þéttbýlið Hvolsvöllur varð til nokkrum árum seinna í veginum við Stórólshvol.

Þegar best lét gekk samvinnureksturinn á Hvolsvelli mjög vel og langflestir voru starfsmenn kaupfélagsins. Sá tími kom þó að sól samvinnustarfseminnar hér og á landsvísu tók að hníga. Færri og færri tóku nú að ráða meiru og meiru um leið og almennir félagsmenn urðu ekki eins virkir. Miðstýringin varð dýrari og meiri uns mörg kaupfélög misstu rekstrargrundvöllinn og hættu starfsemi. Svo fór líka hér að lokum.

Samstarf milli fólksins í þorpinu hefur þó oft verið til mikillar fyrirmyndar. Þannig var Hvolsvegurinn fyrst lagður af íbúunum sjálfum ásamt skurðgrefti fyrir vatnslagnir í húsin. Með þeim hætti er hægt að koma meiru í verk fyrir þá fjármuni sem samfélagið hefur til ráðstöfunar. Lengi viðgekkst að íbúarnir færu saman í vorhreingerningu og söfnuðu saman öllu drasli og lagfærðu ásýnd bæjarins. Öðru afreki geta íbúarnir líka ávallt vera sérstaklega stoltir af en það var þegar félagsheimilið Hvoll var byggt af svo smáu sveitarfélagi sem taldi þá 319 íbúa þar af 142 í þéttbýlinu. Hvollinn var þegar hann var vígður 1960 stórglæsilegt samkomuhús sem varð fljótlega rómað fyrir frábær sveitaböll sem margir gleyma ekki, líka þeir sem bjuggu langt í burtu og á höfuðborgarsvæðinu. Mörgum þótti aldrei of langt að aka malarveginn til að komast á ball í Hvolnum. Þegar Hvollinn var byggður lögðu allir karlar í Hvolhreppi fram 32 dagsverk og greiddu að auki 8 vinnudaga í peningum. Það þarf mikinn vilja og samtakamátt til að láta slíka byggingu rísa og drauma fólksins rætast. Félagshimilið hefur þjónað fjölmörgum þýðingarmiklum hlutverkum strax frá upphafi. Væri ekki við hæfi að friða þetta hús og láta það verða hvata til íbúanna á hverjum tíma til að sýna kjark og áræðni gagnvart krefjandi verkefnum í framtíðinni? Eftir að Hvollinn var tekinn í notkun varð hann ásamt fjölmörgu öðru samkomustaður hreppsnefndar sem hafði áður átt fundi í gamla barnaskólanum og þinghúsinu á Stórólshvoli, en einmitt í því húsi var á almennum íbúafundi þar sem rætt var um samkomuhald 7. október 1951 samþykkt tillaga tveggja íbúa um að hreppsnefnd skildi svo fljótt sem auðið yrði vinna að því ásamt starfandi félagasamtökum í hreppnum að reisa félagsheimili.

Hvolsvöllur varð beinlínis til vegna þess að hér var hafinn verslunarrekstur. Reksturinn var undir merkjum samvinnuhreyfingar sem er í raun alþjóðleg hreyfing sem víða um heim hefur staðið og stendur enn að hverskonar uppbyggingu á starfsemi sérstaklega þar sem ekki eru nægilega fjársterk öfl til að hrinda verkefnum af stað. Þá getur orðið til máttur hinna mörgu. Þegar byggðin hér fór að festa sig í sessi þá fóru að koma fram einstaklingar sem stunduðu margskonar rekstur sem var ekki undir stjórn kaupfélagsins. Þannig varð hér til fjölbreyttara samfélag sem stóð á enn fleiri undirstöðum. Í dag starfa margir einstaklingar með sjálfstæðan

rekstur og hér hafa orðið til mjög góð fyrirtæki sem teygja starfsemi sína víða. Við erum og eigum að vera mjög stolt af framtaki fólks sem hefur staðið sig vel í allskonar atvinnusköpun.

Þegar Sýslusjóður eignaðist Stórólshvolsjörðina 1936 var það vegna þess að Björgvin Vigfússon sýslumaður átti sér þann draum að hér yrði reistur héraðsskóli með stórbúi þar sem nemendurnir greiddu skólagjöld sín með vinnu á búinu. Af þessu varð þó ekki en sennilega hefur mönnum almennt ekki endilega verið ljóst þegar útibú Kaupfélags Hallgeirseyjar var opnað að hér myndi líka þróast bæ. Landkostir í Hvolsvelli eru ákaflega góðir til að byggja bæ. Jarðvegurinn er rúmlega tveggja metra þykk fokmold með mörgum öskulögum. Enginn steinn er til í Hvolsvelli nema aðfluttur. Á einu öskulaginu á um 90 cm dýpi eru flest húsin byggð. Grafið var fyrir sökkulveggjum beint í moldina með tveim sérsmíðuðum skóflum sem í anda samvinnu gengu milli manna þegar þurfti að grafa grunn. Steypuvinnan fór líka fram í samvinnu því menn mættu þar ótilkvaddir oft með eigin hjólbörur tilbúnir í allt.

Ef við rýnum í söguna eru líkur á að það hafi í upphafi orðið nokkuð til trafala að ekki var til staðfest skipulag fyrr en 1949 eða í sextán ár frá stofnun bygginganefndarinnar. Næsta staðfest aðalskipulag kom svo 1983 svo menn voru nokkuð nægjusamir í þeim málum. Gildandi skipulag þarf ávallt að gera ráð fyrir því sem við viljum að verði gert og hvert uppbyggingin stefnir. Mikill styrkur er í að íbúarnir sýni þessum þætti ávalt vakandi áhuga.

Eftirtektarvert er hvað Hvolsvöllur er í ákaflega miklu skjóli fyrir norðlægum og austlægum vindum, bæði frá fjöllum, af náttúrunnar hendi og vegna aðgerða af mannavöldum. Jarðvegsmanir norðan við byggðina gerðar úr afgangsmold hafa komið að góðu gagni ásamt trjábeltum á útjaðri byggðarinnar og inni í bænum sjálfum. Fyrir einum mannsaldri var í vellingum aðeins slétt og gróið land að sjá á einni best grónu víðáttu Íslands. Öldurnar í vellingum voru áberandi en eftir þeim rann oft mikið vatnsflóð í rigningum og leysingum. Þetta flóð gat verið til vandræða allt fram á áttunda áratuginn þegar glöggir íbúar fundu lausn á vandamálinu. Þá var gerð manngerð alda frá norðurenda Hvolsfjallsins og niður í Eystri-Rangá. Eftir þá framkvæmd hefur vatnið ekki flætt um götur iðnaðarhverfisins né inn í hús.

Það er ekki tilviljun að bærinn byggðist þar sem hann er. Í Stórólshvolslandi hefur ávallt verið hefð fyrir búsetu. Hér hefur læknirinn búið lengi og hann vilja allir hafa nálægan. Í dag er læknirinn kominn af hestbaki og fjölgað hefur um marga starfsmenn sem vinna að heilsugæslu á ýmsum sviðum. Byggð hafa verið sérstök hús fyrir starfseminna. Myndun þéttbýlis kallar á ýmsa aukna starfsemi og mjög aukin umsvif opinberar stjórnsýslu. Menntun barnanna tilheyrir oftast til þéttbýlisverkefna og nú eru stærri skólar byggðir því nú fara ekki farandkennarar ríðandi um héruð og setjast upp á heimilum fólks tímabundið og fræða börnin. Þetta er stór málaflokkur og samfélagið hefur þurft að byggja mörg og fjölbreytt mannvirki vegna þess. Þá er Golfvöllurinn á Strönd samvinnuverkefni íbúa í Rangárvallasýslu sem og aðstaða hestamanna á Gaddstaðafötum. Við Eystri-Rangá koma hagsmunir austur og vestursýslunnar saman í gríðarlega mikilli laxarækt og veiðisölu hjá íbúunum sem búa á báðum bökkum árinna.

Árið 1982 var í Hvolsvelli fyrst kosið til sveitarstjórnar með listakosningu. Fram að þeim tíma var enginn í boði en allir gátu hlotið atkvæði þó enginn legði fram rituð stefnumál. Ekki var þó alveg laust við að rekin væri áróður með mönnum eða gegn mönnum. Á þessu tímamótum árið 1982 gerðist það þó fyrst að fram kom listi fólks sem bauð sig fram og birti stefnuskrá. Á eftir fylgdi móttframboð. Listinn sem þá hlaut kosningu var með meirihluta fram að sameiningu sveitarfélaganna. Enginn í meirihlutanum var í framboði fyrir stjórnámálflokk því listinn var óháður flokkum. Allir frambjóðendur listans áttu kost á að koma til samráðsfundar fyrir sérhvern fund í hreppsnefnd og nýttu menn þann rétt mjög vel. Þetta starf var því mjög í anda samráðs og samstarfs eins og hér er talsverð hefð fyrir. Einn frambjóðandi Markús Runólfsson var reyndur frá fyrri tíð og flutti með sér, auk annars, þekkingu um það sem liðið var. Það gerði líka Ólafur Sigfússon sem var áður ráðinn fyrsti sveitarstjóri Hvolhrepps 1978 og starfaði svo áfram eftir þessar kosningar þar til hann andaðist 1991. Þá tók við sem sveitarstjóri ungur maður fæddur í Hvolsvelli sem hafði farið burt að skoða heiminn í nokkur ár. Hér hóf Ísólfur Gylfi sitt fyrra líf sem sveitarstjóri í Hvolsvelli eftir að hafa verið kallaður heim. Hann lét nú reyndar freistast og fór í vinnu við Austurvöll í tvö kjörtímabil en er nú kominn í sitt gamla starf á Hvolsvelli og heldur upp á afmælið með okkur. Það er lærdómsríkt að fara burt og skoða heiminn þegar menn rata heim aftur. Vonandi gerir okkar unga fólk það áfram og oftar.

Í sveitarfélagi eru kosnir fulltrúar sem fara með vald fólksins og ráða starfsfólk sem sinnir verkefnum í þágu almennings. Heimildir úr sögu Hvolsvallar lýsa ákaflega farsælu og dugmiklu fólki og verkum þeirra sem höfðu það hlutverki að þjóna og bæta hag heildarinnar. Það er engin tilviljun að ýmis samfélagsverkefni eru komin vel á veg á þessum tíma. Hér hefur búið góð blanda af samvinnufólki sem byggir á gömlum merg og starfaði vel fyrir kaupfélagið sem var allt í öllu þegar lagt var af stað og af fólki sem hefur sýnt dugnað í eigin atvinnusköpun en var um leið sannir þátttakendur í verkefnum sem bættu hag samfélagsins. Í dag starfar enginn fyrir kaupfélagið en samstarfsandinn á hér rætur og lifir ennþá í íbúunum og getur nýst til ýmissa góðra verka sem verður líklega aldrei lokið. En það er í lagi því það er gleði í sköpuninni. Samstarf íbúanna er ekki einungis eitthvað sem kom sér vel í gamla daga. Um leið og það er gamalt í Hvolsvelli og alþekkt í sveitunum þá er það líka það nýjasta. Þetta afl má virkja til lítilla og stórra verka eins og fyrr og íbúarnir eiga kost á að vera allir þátttakendur. Þegar undirbúningi lýkur þá getur fólkið líka tekið til hendinni í vel undirbúnum verkefnum. Þá er okkar samfélag ekki svo lítið og ekki svo máttlaust.

Lítill hugmynd getur oft af sér aðra og svo koll af kolli. Maurinn með stráið kenndi Tryggva Gunnarssyni að brúa árnar eins og við vorum minnt á fyrr. Við erum öll alltaf að leita einhverra lausna og leiða. Hér er löng reynsla af því að leysa stór og smá verkefni saman. Það getum við enn gert. „Maðurinn einn er ei nema hálfur, með öðrum er hann meiri en hann sjálfur“ mælti Einar Benediktsson eitt sinn sýslumaður á Stórolfshvoli. Þar bjó hann í litla svarta húsinu sem var stundum nefnt „Svartiskóli“.

Árið 2002 sameinuðust sveitarfélögin í austursýslunni í Rangárbíing eystra. Bærinn okkar á nú miklu stærri fjölskyldu. - Til hamingju með afmælið Hvolsvöllur !

Sæmundur Holgersson tók saman og ritaði niður